

2011

Samskipti og lýðræði í leik

Þróunarverkefni unnið í leikskólanum Fífuborg um
hlutverk starfsmanna í frjálsum leik
2008-2011



Ásgerður Guðnadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur og kynning	2
Fræðilegur bakgrunnur	3
Byrjunin.....	6
Framkvæmd	6
Niðurstöður.....	7
Lokaorð	14
Heimildaskrá	15

Inngangur og kynning

Í skýrslu þessari verður gerð grein fyrir þróunarverkefninu „Samskipti og lýðræði í leik með börnum“. Verkefnið var unnið í leikskólanum Fífuborg sem er í Fífurima 13 í Reykjavík.

Eitt af meginviðfangsefnum leikskólans er að styðja börn við að eiga í góðum samskipum hvert við annað og aðra sem þau umgangast. Það læra þau meðal annars í gegnum leikinn sem er lífstjáning þeirra og mikilvægasta náms- og þroskaleiðin.

Leikskólinn Fífuborg er fjögurra deilda leikskóli þar sem 83 börn eru samtímis. Hann tók til starfa 18. janúar 1993. Unnið er samkvæmt lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla (1999) og Námskrá Fífuborgar sem kom fyrst út árið 2001 en hefur verið í stöðugri þróun síðan.

Aðalmarkmið Fífuborgar er að taka þátt í að móta sjálfstæða og virka einstaklinga sem eru færir um að velja og hafna í lífinu. Stuðst er við kenningar John Dewey og Jean Piaget. Að lifa í „núinu“ er mikilvægt samkvæmt John Dewey (2000). Hann talar um að við getum ekki gert annað en að lifa í því augnabliki sem er að líða og njóta þess því annars verðum við ekki fær um að njóta þess sem bíður í framtíðinni. Hann talar einnig um að mikilvægt sé byggja ofan á það sem er þegar lært frekar en að það sé lögð áhersla á að undirbúa börnin fyrir næsta skólastig fyrir ofan því það megi ekki fórná nútíðinni fyrir ímyndaða framtíð (Dewey, 2000). Piaget taldi að samskipti barns og fullorðins þyrftu að vera gagnkvæm. Þó hinn fullorðni væri leiðandi í starfseminni þá væri besta skólaumhverfið það sem gæfi barninu tækifæri til að velja sjálft og ákveða. Í því fælist að ef það sem barnið gerði eða gerði ekki væri ákveðið að fullorðnum þá myndi barnið ekki fá næg tækifæri til að móta hegðun sína og sjálfstæði (Pound, 2005).

Til að ná því markmiði að börnin verði sjálfstæðir, virkir einstaklingar sem eru færir um að velja og hafna í lífinu er lögð áhersla á að börnin læri í gegnum leik, að þau séu viðurkennd á eigin forsendum, að starfsmenn tileinki sér samskiptaform sem felst í virkri hlustun og „ég skilaboðum“. Þá er lögð áhersla á að starfsmenn líti á leikskólann sem eina heild og tileinki sér meðal annars samvinnu og samræmda starfshætti (Leikskólinn Fífuborg, e. d.).

Aðalleið Fífuborgar til að ná fram þessum markmiðum er að börnin fá að velja sér verkefni sjálf. Það er gert með því að hafa val sem fer fram á degi hverjum. Valið fer annars vegar

fram inni á deildum og hins vegar á sérstökum val tímum þar sem öll börn sem náð hafa þriggja ára aldri velja samtímis og blandast saman á valsvæðum. Val þetta stendur yfir í 90 mínútur og geta börnin endurvalið tvisvar sinnum á þessu tímabili (Leikskólinn Fífuborg, e. d.).

Haustið 2008 ákvað starfsfólk Fífuborgar að fara af stað með þróunarverkefni þar sem ætlunin var að skoða hlutverk starfsmanna í frjálsa leiknum. Frjáls leikur í leikskólanum fer aðallega fram á valsvæðum inni og úti. Ástæðan fyrir því að þetta viðfangsefni var valið er sú að okkur langaði til að skoða hvað ylli því að börnin stöldruðu við í mismunandi langan tíma í leiknum. Var það eftir starfsmönnum, eftir leikefninu eða jafnvel leikfélögunum eða samsetningu barnahópsins? Voru börnin að velja sjálf hvað þau gerðu í leiknum? Er fullorðna fólkið að fara inn í leik barnanna á réttum forsendum, þ.e. veit það alltaf hvað hefur gengið á undan? Á frjálsum tíma fannst okkur áhugavert að fylgjast með hvað við starfmennirnir vorum að aðhafast á meðan börnin voru í leik. Var meiri leikur í gangi þar sem starfsmenn voru virkir þátttakendur heldur en þar sem þeir voru frekar stjórnendur, áhorfendur eða jafnvel ekki að fylgjast með börnunum?

Verkefnisstjóri verkefnisins var Ásgerður Guðnadóttir aðstoðarleikskólalastjóri og var leitað eftir ráðgjöf til Kolbrúnar Vigfúsdóttur verkefnastjóra á Leikskólasviði Reykjavíkurborgar en hún kom einnig einu sinni og fylgdist með leiknum í val tíma.

Fræðilegur bakgrunnur

Í Aðalnámskrá leikskóla stendur að leikskólakennarar eigi að fylgjast vel með leiknum og að vera ávallt reiðubúnir að örva eða taka þátt í leiknum og þá á forsendum barnanna. Þannig kynnist þeir börnunum betur og geta áttað sig á hvað leikurinn kann að endurspeglar (Menntamálaráðuneytið, 1999). Má þar nefna að börn sem eru óróleg og halda illa einbeitingu í skipulögðum stundum geta átt góðan leik með fulla athygli þegar þau leika frjálst (Van Hoorn o.fl., 2007).

Þá er leikurinn ekki síður mikilvægur þar sem hann gefur leikskólakennurunum færi á að fylgjast með börnunum því þar endurspeglast áhugasvið þeirra,



hugmyndir og færni (Pound, 2005). Sumir tala jafnvel um að í frjálsa leiknum séu börnin að

kanna hver þau eru og finna út hvernig manneskjur þau komi til með að verða (Broadhead, 2004). Í Aðalnámskrá leikskóla kemur einnig fram að leikskólakennarar þurfi að ætla sér tíma til uppeldislegra athugana og skráningar á atferli barns bæði þegar það leikur eitt og þegar það á í samskiptum við önnur börn (Menntamálaráðuneytið, 1999).

Birgitta Knutsdotter Olofsson (1992) sagðist hafa uppgötvað það í rannsókn sinni að ef hinir fullorðnu væru ekki til staðar þá væri enginn leikur í gangi og átti hún þá sérstaklega við yngri börnin þ.e. 2-3 ára. Hún talaði um að leikskólakennari yrði að finna hina hárfínu línu á milli þess að örva leikinn og að stjórna honum. Leikskólakennari sem er mjög stýrandi er yfirleitt upptekin af eigin sjónarhorni og það er ekkert sem sýnir að hann reyni að nálgast sjónarhorn barnsins. Hann ætlar að fá fyrirfram ákveðna útkomu eða niðurstöðu úr verkefnum. Þetta gerir það að verkum að ólíklegt er að barnið upplifi að það eigi þátt í verkefninu þar sem ekki hefur verið hlustað á rödd þess og skoðun. Þegar leikskólakennari leggur frekar áherslu á að vera þátttakandi og virkur með börnunum verða stöðug samskipti milli hans og barnanna. Leikskólakennarinn hlustar á skoðanir barnanna og þau finna að þau geta haft áhrif á það sem verið er að gera. Hann aðlagar leikinn að barnahópnum með því að hlusta á skoðanir þeirra og vilja. Þannig helst virkni í leiknum eða verkefninu. Með öðrum orðum, börnin stjórna hvað er gert og leikskólakennarinn bregst við því (Emilsson og Folkeson, 2006).

Susan Kontos (1999) gerði rannsókn á hlutverki leikskólakennara í leiknum árið 1999. Niðurstöður hennar bentu til að þeir eru virkir þátttakendur í leik barnanna og eru oftast í hlutverki leikfélaga eða stjórnanda. Leikskólakennarar verða þó að varast að gera það ávallt að markmiði sínu að leikurinn sé að kenna eitthvað en þá verður hann of kennaramiðaður. Það má sjá það á leik barna að ef þau nota ekki þær aðferðir sem leikskólakennarinn hefur lagt inn hjá þeim í frjálsa leiknum þá eru þær ekki áhugaverðar að þeirra mati eða höfða ekki til þeirra. Til dæmis ef leikskólakennari hefur farið í leik með börnunum sem gengur út á að kenna þeim að telja og börnin endurtaka ekki þennan leik þá má ætla víst að hann hafi ekki höfðað til þeirra (Van Horn, Nourot, Scales og Alward, 2007).

Hinn fullorðni þarf að skapa aðstæður fyrir leikinn og passa upp á að gefa heildstæðan tíma í hann og að sá tími sé ekki rofinn. Með því sýnir hann leiknum virðingu. Mikilvægt er að það svæði sem er valið fyrir hlutverkaleik sé laust við áreiti þannig að börnin geti leikið í friði og ró. Oft sjá börnin sjálf um að finna sér rólegan stað til að leika sér á en börn með

hegðunarvanda þurfa yfirleitt stuðning frá hinum fullorðna til að skapa þessar aðstæður og því er mikilvægt að hinn fullorðni sé viðstaddur leikinn (Knutsdotter Olofsson, 1990).

Rannsóknir sýna að þar sem fullorðnir halda sig til hlés og blanda sér helst ekki í leik barna nema til að skakka leikinn eða koma með uppeldislegar ábendingar þá standi leikurinn mun skemur en þar sem hinn fullorðni er virkur þátttakandi eða áhorfandi að leiknum. Þó er línan á milli þess að örva leikinn og taka stjórnina hárfín og verður hinn fullorðni að varast að taka algjörlega stjórnina í leiknum. Leikskólakennarinn þarf því að vera á staðnum, taka þátt í leiknum ef honum sýnist þörf á því eða vera virkur áhorfandi þannig að hann viti hvað sé í gangi í leiknum og geti þannig blandað sér inn í hann ef upp koma vandamál. Það eykur líkurnar til muna að leikurinn fari farsælega fram þar sem allir una sáttir við sitt og að hann endist í lengri tíma (Knutsdotter Olofsson, 1990).

Van Hoorn o.fl. (2007) taka undir þetta þar sem þau tala um að oft sé ærslaleikur (sérstaklega stráka) brotinn upp af hinum fullorðnu því þeir túlka þá sem slagsmál en oftast eru óskrifðar reglur í hópnum sem hinn fullorðni myndi kannski veita eftirtekt ef hann staldraði við og fylgdist með áður en hann skærast í leikinn.



Börn þurfa fyrirmyndir í leiknum, þau þurfa að þekkja leikmerkin, hvenær er í þykjustunni og hvenær er í alvörunni. Hinn fullorðni þarf að kenna börnunum þetta. Með tónfalli og svipbrigðum leiðir hinn fullorðni samskipti barnanna inn í og út úr í leiknum. Börnin þurfa að vera sammála um hvaða leik þau eru að leika. Þegar um ung börn er að ræða verður að hafa í huga að það þýðir ekki að kenna þeim að leika athafnir sem þau þekkja ekki. Til dæmis segjum við ekki barni að það þurfi að telja upp að tuttugu áður en það fer að elta hin börnin í eltingaleik ef það kann bara að telja upp að fimm. Barn getur ekki leikið gleði eða sorg í hlutverkaleik ef það veit ekki hvað er að vera sorgmæddur eða glaður (Knutsdotter Olofsson, 1990).

Byrjunin

Við í Fífuborg vildum að allir starfsmenn skildu að kennsla í leikskóla fer fram í gegnum leikinn. Við vildum auka skilninginn á því að börnin eru ekki bara að „leika sér“ í leikskólanum. Við vildum skoða hversu virk við værum sem starfsmenn og hvernig við kæmum inn í leikinn. Einnig vildum við skoða hversu mikil áhrif börnin hafa sjálf á leikinn.

Út frá þessum viðmiðum var verkefnið greint í eftirfarandi spurningar:

Meginspurningin var svohljóðandi: Hvernig er þátttaka starfsfólks í frjálsum leik barnanna í leikskólanum?

Undirspurningar voru eftirfarandi:

- Eru starfsmenn virkir þátttakendur í leiknum?
- Hvar eru starfsmennirnir staðsettir þegar börnin eru í frjálsum leik?
- Hvernig koma starfsmenn inn í leikinn ef þörf er á því?
- Hvað gera starfsmenn þegar ágreiningur kemur upp milli barna í leiknum t.d. átök vegna sama leikfangs?
- Hversu fljótir eru starfsmenn að grípa inn í og aðstoða þegar börnin þurfa að komast yfir hindranir?

Framkvæmd

Áður en byrjað var á verkefninu var ákveðið að gefa sér góðan tíma í það og fyrirséð var að það myndi taka tvö til þrjú ár. Fyrsta árið átti að fara í fræðslu, ígrundun og mat, annað árið í að framkvæma breytingar og þriðja árið var hugsað í að festa breytingarnar í sessi. Sótt var um þróunarstyrk til Kennarasambands Íslands sem nýttist vel.

Fyrsta árið var að mestu leitast eftir fræðslu um leikinn og áhrif fullorðinna á hann. Erfitt var að finna lestarefni um nákvæmlega þetta efni en eitthvað var um greinar og einnig var að finna kafla og kafla í vel völdum bókum! Við fengum ýmsa fyrirlestra og má þar helst nefna fyrirlestra um samskipti og umhyggju sem Sigríður Síta Pétursdóttir hélt annars vegar og hins vegar Sigrún Einarsdóttir sem fjallaði um svipað efni. Þá fengum við fyrirlestur um snertingu sem Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir var með.

Seinasta árið fóru starfsmenn í námsferð til Akureyrar og skoðuðu leikskóla með þróunarverkefnið í huga.

Innra mat var unnið allan tímann í verkefninu. Það var í formi jafningjamats og þátttökumats sem fór fram allan tímann og fór aðallega fram í umræðum á starfsmannafundum og skipulagsdögum. Þá mátaði starfsfólk sig við þær hugmyndir sem hópurinn var búinn að ræða. Við reyndum að vera með jafningjamat í formi þess að starfsmenn pörðu sig saman. Þeir mynduðu hvern annan á myndband og skoðuðu það saman ásamt því að skrá niður jákvæð atvik sem þeir sáu félagi sína gera.

Rætt var við börn í leikskólanum á aldrinum 3-6 ára um hvað þeim fyndist vera hlutverk starfsfólks þegar þau væru að leika sér, hvað væri skemmtilegt og hvað væri leiðinlegt að gera í leikskólanum og hverju þau réðu í leikskólanum. Þetta var gert í byrjun verkefnisins og svo aftur í lok annars ársins.

Starfsfólk var með bækur sem það skrifaði niður hugleiðingar sínar um samskipti sín við börnin og eins barnanna á milli. Einnig var skráð í þær jafningjamatið

Þá fengum við utanaðkomandi aðila til að fylgjast með leiknum í val tíma eins og áður hefur komið fram.

Niðurstöður

Niðurstöður innra og ytra mats starfsmanna:

- Jafningjamatið gekk frekar brösuglega. Fólk truflaðist af myndbandsupptökuvélinni og fannst óþægilegt að horfa síðan á sjálft sig og einnig reyndist erfitt að finna tíma til að vinna úr því. Starfsmenn töluðu þó um að þetta hefði gert þá meðvitaðri um hlutverk sitt og annarra á deildinni. Vélinni var síðan stolið og í kjölfarið lagðist jafningjamatið af.
- Dagbókarskrifin reyndust sumum vel en öðrum ekki. Mismunandi var hvað fólk lagði sig fram um að skrá í bækur sínar en það hjálpuðu þó einhverjum að skrá niður hugrenningar sínar sem leiddu til þess að fólk gerði sér betur grein fyrir hvað það var að gera rétt og hvað rangt í samskiptum sínum við börnin.

- Fræðsla og umræður hafa verið afar gagnlegar. Það sem hefur gagnast okkur best er annars vegar fræðsla sem við fengum á fundum og skipulagsdögum og hins vegar umræður milli starfsmanna.
- Nauðsynlegt var að fá utanaðkomandi aðila til að fylgjast með starfsmönnum í leiknum. Niðurstöður þess voru að flestir starfsmenn voru virkir og að sinna starfi sínu vel. Þó kom í ljós að á tveimur svæðum í valinu voru starfsmenn óvirkir og virtust hafa lítinn áhuga á að vera á viðkomandi svæðum. Þar voru börnin frekar óvirk og festust ekki í leik. Við veltum því fyrir okkur hvort það þyrfti að horfa meira til áhuga og mannauðs þegar fólki var raðað á svæði. Það urðu miklar skeggræður í hópnum um það mál og voru skoðanir afar mismunandi. Niðurstöður urðu þó þær að ákveðið var að starfsmenn héldu áfram að fara á öll svæði en eins og einn starfsmaður sagði: „Ég held jafnvel að persóna og áhugi eða áhugaleysi almennt skipti jafnvel meira máli en það að við höfum mismikinn áhuga á svæðum. Ég held til dæmis að ég vinni svipað á öllum svæðum þó einhver smámunur sé eftir því hversu skemmtilegt mér finnst á þeim. Ég reyni að leggja mig eins fram hvar sem ég er“.



Niðurstöður á mati barnanna

- Eftir að rætt hafði verið við börnin í fyrra skiptið kom í ljós að þeim fannst þau ráða í leiknum í valinu en ekki í öðru skipulagi þ.e. frjálsum leik á öðrum tíma. Þetta kom starfsfólki nokkuð á óvart þar sem við töldum að ef börnin réðu einhvers staðar þá væri það í frjálsa leiknum! Þegar þetta var rætt áfram við börnin þá kom í ljós að það

sem þau áttu við var að þau réðu ekki viðfangsefnum heldur var kennarinn oftast búinn að velja hvað þau gætu valið um að gera (nokkur viðfangsefni). Þetta hafði síðan breyst þegar aftur var rætt við börnin en þá sögðu flest að þau réðu þegar þau léku sér.

- Börnin vildu helst ekki hafa hina fullorðnu með í leiknum. Þau töluðu um að hlutverk starfsfólks væri að passa börnin, passa að þau meiddu sig ekki eða hvert annað og að allir færu eftir reglunum. Börnin sögðu að þau vildu heldur leika ein án hinna fullorðnu en samt væri skemmtilegt þegar fullorðnir væru með og veltum við fyrir okkur hvort það hafi verið af kurteisi við spyrjanda! Klassískt dæmi sem styður þetta er þegar starfsmaður spurði hvort hann mætti vera með í hlutverkaleik og þá var svarið stutt og laggott: „þú ert amman og hún er dauð!“
- Börnin töluðu um að það væri leiðinlegast að sitja kyrr í samverustundum og flestum fannst skemmtilegast að leika úti og vera í salnum.

Af þessum niðurstöðum má draga þær ályktanir að börnin vilja hafa starfsmenn nálægt sér þegar þau eru að leika en að það sé ekki endilega hlutverk starfsmannsins að leika með þeim heldur sinna því sem kemur upp t.d. ef einhver meiðir sig eða er skilin útundan.

Eftir umræður ákvað starfsmannahópurinn að leggja áherslu á aukið lýðræði og tengja það við 12. grein Barnasáttmálans í samskiptum sínum og barnanna og hefur verið lögð aðaláhersla á það síðasta árið í þróunarverkefninu. Við höfum velt fyrir okkur spurningum eins og til dæmis hvert er hlutverk starfsmanna í leiknum út frá lýðræði? Hvernig kennum við barni að þróa með sér lýðræðislega hugsun? Er það ekki einmitt í gegnum leikinn? Hlustum við nógu mikið á hvað börnin vilja og leyfum við þeim að taka þátt í ákvarðanatöku sem varðar daglegt starf þeirra í leikskólanum?

Í 12. grein kemur meðal annars fram að „Börn eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska“ (Barnasáttmáli, 1989). Þar reynist aðkoma kennara mikilvæg í leiknum því það getur skipt sköpum um þátttöku barnanna. Emilson og Folkeson (2006) tala um að börnin verði að vera þátttakendur í leiknum til að upplifa lýðræði. Í lýðræði felst að börnin geti verið þátttakendur á eigin forsendum, að þau finni að þau geti haft áhrif á gang mála.

Séu þau þátttakendur þá nái þau að þróa með sér lýðræðisleg vinnubrögð. Til þess að það geti átt sér stað þá þurfa kennararnir að geta skapað réttu skilyrðin og getað leitt leikinn áfram með opnum spurningum, varast að taka stjórnina og að sjálfsgöðu að vera viðbúinir því að leikurinn leiðist í allt aðra átt en þeir höfðu séð fyrir! Til að börn geti öðlast lýðsræðislega hugsun þurfa þau að læra um gildin og það þurfa hinir fullorðnu að kenna þeim með nærveru sinni (Emilson og Folkesson, 2006). Í góðum leik eru allir virkir og jafnráðandi þar sem skoðanir þeirra eru virtar. Börnin skiptast á að vera í aðalhlutverkinu og passað er upp á að allir fái að koma að því einhvers staðar á leiktímanum nema sátt sé um að einhver eða einhverjir ákveðin séu í því hlutverki allan tímann. Í leikjum þar sem fyrirfram gefnar reglur eru s.s. eltingaleik er mikilvægt að öll börnin séu með reglurnar á hreinu. Þar verður hinn fullorðni að vera búinn að útskýra þær (Knutsdóttir Olofsson, 1990).

Síðasta árið hefur því verið lögð áhersla á að:

- Auka lýðræðisleg vinnubrögð í öllum þáttum starfsins. Dæmi um lýðræðisleg vinnubrögð er að við höfum fengið börnin til að velja hvað er í matinn einu sinni í mánuði. Þau kjósa um ýmsa hluti, t.d. nöfn á hópum sem þau eru í, hvað á að vera í deildarvali, hvert á að fara í gönguferðir og fleira. Í fyrstu gekk þetta misvel og mörgum börnum fannst erfitt að meirihlutinn ynni ef þau voru ekki á sömu skoðun og meirihlutinn. Þetta hefur breyst til batnaðar eftir því sem þau átta sig á að þeirra skoðun gæti átt upp á pallborðið í næstu kosningu.
- Aðferðir sem ýta undir ábyrgð. Lýðræði fylgir ábyrgð. Ákveðið var að vera með átaksviku í að ganga um en ekki hlaupa á göngum leikskólans. Börnin voru fengin með í lið til að koma með hugmyndir að því hvað væri hægt að gera til að minna alla á að ganga. Það stóð ekki á



hugmyndunum og meðal annars bjuggu þau til skilti sem á stóð „við göngum á göngunum en hlaupum ekki“ til að minna alla á að ganga. Eins voru þau mjög dugleg að minna foreldra og starfsfólk á að hlaupa ekki á göngunum! Ábyrgðarhlutverk barnanna eru sett upp myndrænt í byrjun hverrar viku. Þessi hlutverk eru meðal annars að tæma endurvinnslukassann og fara yfir garðinn með starfsmanni, vera sápuvörður, umsjónarmaður, bókaþvottur og fleira.

- Enn meiri áhersla var lögð á aðkomu barnanna í mati á starfinu. Við höfum fengið þau til að meta valsvæðin, litavikur og ýmsa árvissa atburði sem starfsmenn hafa hingað til einungis metið. Við höfum farið yfir leikföngin með börnunum. Við höfum fengið þeirra sjónarhorn á hvað er skemmtilegt og hvað er leiðinlegt og fengið hugmyndir frá þeim um hvaða leikefni eigum við að bjóða upp á. Á yngstu deildunum hefur verið notast við myndir af viðfangsefnum þannig að þau geti sagt til um hvað þeim þykir skemmtilegt og hvað leiðinlegt. Í þeim tilvikum þarf að passa að vera ekki með allan hópinn í einu svo þau hafi ekki áhrif á hvert annað.

Það sem verkefnið hefur leitt til:

- Virðing fyrir skoðunum barnanna hefur aukist. Við notum mikið opnar spurningar til að fá börnin til að hugsa í lausnum. Dæmi um það er klæðnaður í útiveru. Við höfum umræður á deildum um hvernig veðrið sé í dag og viðeigandi klæðnað. Við setjum þó ábyrgðina í þeirra hendur og börnin ákveða sjálf hvernig þau fara klædd út og bera ábyrgð á því. Það verða oft skemmtilegar rökræður í fataklefanum þegar starfsmanni finnst barn vera of fáklætt og er að reyna að fá það til að klæða sig betur. Börnin eru snjöll við að koma með rök fyrir klæðnaði sínum og þau eru dugleg að koma inn og sækja sér meira viðeigandi föt ef það er kalt eða blautt. Þetta hefur leitt til þess að allir fara sáttrir út í því sem þeim líður vel í og að börnin eru sjálf farin að finna nauðsyn þess þegar þau þurfa að klæða sig betur. Yngstu börnin taka ekki þátt í þessu en þar reynir starfsfólk að vera enn meðvitaðra en áður að „lesa“ í börnin með klæðnað.
- Snerting hefur aukist mikið þegar kemur að því að taka á málum og nöfn barnanna heyrast síður á lofti. Í stað þess að kalla nöfn yfir hópinn þegar taka þarf á málum þá ganga starfsmenn frekar að viðkomandi barni, leggja hönd á öxl þess og ræða rólega


við það. Við matarborðið reyna starfsmenn að ganga á milli barnanna og snerta þau á bak eða axlir áður en hann sest niður og þetta hefur leitt til þess að börnin eru rólegri í matmálstímanum. Börn sem eiga í hegðunarvanda eru tekin í fangið og föðmuð á meðan rætt er við þau í stað þess að skamma þau. Þetta hefur leitt til þess að það er meiri ró í leikskólanum og börnin eru yfirvegaðri ásamt því að raddir starfsmanna hafa lækkað.

- Börnin sýna hvert öðru meiri umhyggju. Við höfum hvatt þau til að hugga hvert annað í stað þess að fara strax til starfsmanns eða standa aðgerðarlaus hjá þar til starfsmaður kemur. Eldri börnin hjálpa þeim yngri að klæða sig í fataklefa eða getumeiri þeim getuminni. Á íþróttadegi hjálpa elstu börnin þeim yngstu á stöðvum.
- Aukin færni í hlutverkaleik. Við teljum okkur sjá breytingar hjá börnunum hvað varðar færni í hlutverkaleik. Við skoðum hvernig við getum aðstoðað börn á lýðræðislegan hátt að komast inn í leik á eigin forsendum. Það má ekki gleyma að virða rétt þeirra sem eru fyrir í leiknum, ekki ætlast til að fleiri komi inn í leikinn ef börnin sem fyrir eru ekki tilbúin í það. Okkar mat er að mikil framför hefur orðið því börnin endast lengur, samskipti ganga betur og þau leita minna til okkar starfsfólksins. Yngri börnin eira líka betur við.
- Starfsmenn er orðnir meðvitaðri um samskipti og mikilvægi þeirra. Til dæmis um að börnin fái tækifæri til að leysa deilur sjálf og að leysa hin ýmsu vandamál sem koma upp í daglegu lífi. Þetta hefur orðið til þess að minna er um klögur á milli þeirra. Starfsmenn á yngstu deildinni eru meðvitaðri um að láta börnin reyna sjálf komast yfir hindranir eins og til dæmis ef þau þurfa að komast yfir eitthvað, þá eru þau hvött áfram í stað þess að lyfta þeim af því að þau „eru svo lítil“.
- Styrkt starfsmenn og aukið virkni þeirra í starfinu. Það hefur verið vandamál í mörg ár að fólk var að spjalla saman milli svæða en nú eru hurðir yfirleitt alltaf lokaðar og starfsmenn eru að sinna börnunum og leiknum. Starfsmenn eru til staðar fyrir börnin



og fylgjast með leiknum. Þeir fara inn í hann þegar þörf er á. Þetta eru engin ný sannindi en þegar starfsmenn eru til staðar þá geta þeir farið inn í leikinn á forsendum barnanna og geta frekar tekið á málum á réttlátan hátt ef þeir hafa verið að fylgjast með. Eins og einn starfsmaður komst að orði: „Það dugar oft að vera hjá og sýna börnunum að maður sé að fylgjast með, því þau vita jú oft hvernig á að leysa málin en þurfa bara stuðning og staðfestingu“.

- Starfið hefur verið þróað með hliðsjón af skoðunum barnanna. Lýðræðisleg vinnubrögð eru í hávegum höfð í öllu starfinu, sérstaklega eftir því sem liðið hefur á verkefnið
- Starfsmenn eru meðvitaðri um hlutverk sitt. Það hefur leitt til þess að leikurinn eða kennslan í leiknum verður markvissari t.d. í einingakubbum. Starfsmaður er meðvitaðri um mikilvægi leiksins, að það sé kennsla í gangi en ekki bara að börnin séu að leika sér.



Lokaorð

Maður veit aldrei til hvers þróun í skólastarfi leiðir en það er það sem gerir starfið okkar svo skemmtilegt og lifandi.

Þegar við byrjuðum á verkefninu fyrir þremur árum óraði okkur ekki fyrir því að það myndi leiða til þess að við færum að rýna í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sú er þó reyndin og erum við nú að skoða að rýna enn frekar í hann og taka fyrir fleiri greinar innan hans.

Þetta hefur verið afar skemmtilegt verkefni að vinna. Viðfangsefnið var frekar snúið þar sem breytingarnar eru ekki mjög ápreifanlegar eins og í mörgum þróunarverkefnum heldur voru þær meira huglægar. En breytingar áttu sé þó stað og nú er bara að halda áfram.

Við vonum að skýrsla þessi muni verða einhverjum til gagns og gamans og nýtist öðrum leikskólakennurum sem eru að skoða samskipti sín við börnin í leiknum.

Heimildaskrá

Barnasáttmálinn. 1989. Sótt 21. janúar 2011 af

<http://www.barnasattmali.is/nam/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>

Broadhead, P. (2004) *Early years play and learning: developing social skills and cooperation*. London, RoutledgeFalmer.

Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Emilson, A. og Folkesson, A. 2006. Children's participation and teacher control. *Early Child Development and Care*. 179: 3, bls. 219-238.

Knutsdóttir Ólofsson, B. (1992). *Skal vi lege?* Stokkhólmur: Forlaget Børn og unge.

Knutsdóttir Ólofsson, B. (1990). *Leg for livet*. Stokkhólmur: Forlaget Børn og unge.

Kontos, S. (1999). Preschool Teachers' Talk, Roles and Activity Settings During Free Play. *Early Childhood Research Quarterly*. 14:3, bls. 363-282.

Leikskólinn Fífuborg. (e. d.). *Námskrá Fífuborgar*. Sótt 21. janúar 2011 af http://fifuborg.is/index.php?option=com_content&view=article&id=92&Itemid=96

Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Pound, L. (2005). *Practical Pre-School. How children learn*. London: Step Forward Publishing.

Van Hoorn, J., Nourot, P., M., Scales, B. og Alward, K., R. (2007). *Play at the Center of the Curriculum* (4. útg.). New Jersey: Pearson.